

12. maí 2020

B.t. Skipulags- og mannvirkjanefndar Ísafjarðarbæjar

Erindi: Beiðni um að færa aðalinngang og leyfi til að byggja nýja viðbyggingu að innanverðu við íbúðarhúsið á Aðalgötu 21 á Suðureyri, ásamt leyfi til að huga að frekari endurbótum á húsinu.

Húseigendur á Aðalgötu 21 á Suðureyri sækja um leyfi að færa aðalinngang hússins vegna öryggis- og aðgengissjónarmiða. Til að vel takist til er sótt um leyfi til að byggja við húsið og færa aðalinngang hússins þangað. Viðbygging þessi myndi falla innan skilgreinds byggingarreits. Er farið fram á leyfi fyrir þessum breytingum í ljósi öryggis- og aðgengissjónarmiða og eins til að huga að aðgengi að flóttaleiðum í samræmi við gr. 9.5.3 í byggingarreglugerð 112/2012 sem gera kröfu um tvær öruggar flóttaleiðir frá hverjum stað og myndu svalir af efri hæð með umræddri viðbyggingu að innanverðu uppfylla þá kröfu.

Ennfremur óska eigendur eftir leyfi til að huga að frekari endurbótum á húsinu vegna aldurs hluta þess og snýr m.a. að klæðningu, þaki og gluggum og færa það nær fyrri útliti þess að teknu tilliti til sögu þess og nútímakrafna og meðfylgjandi teikningar endurspegla.

Aðalgata 21 er á mjög fallegum og áberandi stað ofanmegin við Aðalgötuna á Suðureyri í miðjum bænum með fallegum en litlum suðurgarði sem skartar m.a. fallegri steinhleðslu löngu liðins tíma. Eigendur vilja færa ásýnd hússins nær þeim tíma, þegar það var bárujárnsklætt þ.e. áður en það var forskalað og síðar klætt með núverandi steníklæðningu. Þannig telja eigendur að húsið fái að njóta sín mun betur enda staðsetning þess einstök að teknu tilliti til nálægðar við fallegan miðbæinn.

Með kærri kveðju,

Eypór Páll Hauksson og Sigrún Edda Eðvarðsdóttir

Meðfylgjandi er greinargerð ætluð þeim er málið varðar ásamt drögum að teikningum.